

Breiðabólsstaðir.

Hér með er sótt um styrk til Garðabæjar um að fella niður fasteignagjöld á íbúðarhúsið sem heitir Breiðabólsstaðir og er á norðurnesi við Jöfraveg á Álftanesi.

Húsið hefur verið í miklum endurbótum. Allt hefur verið gert upp eins upprunalegt og hægt var. Húsfriðunarnefnd hefur annast haldgóðar leiðbeiningar um uppgerð hússins eins og smiðir við uppgerð á húsinu. Sótt hefur verið um friðlýsingu fyrir íbúðarhúsið á Breiðabólsstöðum og liggur það fyrir hjá Húsafriðunarnefnd.

Saga hússins:

Hús Erlends hreppstjóra er skv. Örnefnalýsingu „hlaðið úr höggnum steini og límt með kalksandi. Húsið Grund er áfast við gamla steinhúsið. Eyrarhús var við Seyluna, fisktökuhús rífið um 1884 og viðirnir notaðir í steinhúsið á Breiðabólsstöðum. Í endurminningum sínum frá 1945 er Erlendur Björnsson með ítarlegri lýsingu: „Skal nú lýst stóru sjávarheimili, eins og það var á vetrarvertíð, og nefni ég þá heimili Erlends Erlandssonar, hreppstjóra á Breiðabólsstöðum, sem bjó á móti móður minni. Hann bjó í stóru steinhúsi sem hann byggði árið 1884. Það er fjórtán álnir á lengd, en níu álnir á breidd með kjallara og portbyggt. Á vertíðum voru fjörutíu manns í húsi þessu. Húsið var byggt úr klopnu og höggnu grjóti, sem tekið var víðsvegar í landareigninni. Grjótið var klofið þar, sem það var, og allt borið heim á tveggja og fjöggra manna börum, en höggvið og lagað betur heima. Veggirnir voru tvöfaldir og loft á milli, og yfir gluggum og dyrum voru drangar svo langir, að þeir náðu alveg yfir. Er hús þetta að öllu leyti ágætt enn í dag. Timbur allt og þak í húsi Erlends var komið úr gríðarstóru salthúsi og fiskhúsi, er stóð fyrrum á Eyrinni niðri við Seyluna í landareign Breiðabólsstaða. Siemenssverzlun átti þetta hús fyrst. Á vorin kom skip inn á Seyluna með salt, er skipað var upp í þetta hús, en seinni part sumars seldu bændur verkaðan og þurrkaðan saltfisk kaupmanni þeim, er átti þetta hús, og fluttu fiskinn í það. Kaupmaður sá, er verzlafi þarna síðast, hét G. E. Unbehagen, og átti hann þetta gríðarmikla hús.

Jón Ragnar Daðason,
Breiðabólsstöðum